

Samþykkt á Landsfundi  
Zontasambands Íslands  
6. apríl 2019.

## Lög Zontasambands Íslands

### 1. gr.

Zontasamband Íslands er samband íslenskra Zontaklúbba sem tilheyra 3. svæði (*e. area*) í 13. umdæmi (*e. district*) í alþjóðasamtökum Zonta (*e. Zonta International*).

### 2. gr.

Zontasamband Íslands styður við störf Zontaklúbbanna á Íslandi, með markmið og tilgang alþjóðasamtaka Zonta að leiðarljósi og hvetur þá til virkrar þátttöku í öllu alþjóðlegu starfi á vegum Zonta, s.s. að taka þátt í heimsþingum (*e. Convention*) og umdæmisfundum (*e. District Meetings*) og gefa myndarlega til alþjóðlegra verkefna Zonta.

Svæðisstjóri (*e. area director*) sækir umdæmisfundi, undirbýr landsfundi (*e. area meetings*), heimsækir klúbba svæðisins og er tengiliður milli klúbba og umdæmisstjórnar (*e. district board*).

### 3. gr.

Landsfundur Zontasambands Íslands er æðsta vald í málefnum sambandsins og skal hann haldinn fyrir 1. júní annað hvert ár, þ.e. það ár sem endar á oddatölu.

Árið milli landsfunda heldur stjórn sambandsins, sbr. 3. mgr. 6. gr., a.m.k. einn fund.

### 4. gr.

Landsfundur Zontasambands Íslands er opin öllum félögum Zontaklúbbanna á Íslandi og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Hver Zontaklúbbur skal velja einn félag og einn til vara sem greiða atkvæði fyrir hönd viðkomandi klúbbs, ef til atkvæðagreiðslu kemur. Ef fjöldi klúbbfélaga er meiri en 31 skal velja tvo félag og tvo til vara. Ef klúbbfélagar eru fleiri en 60 skal velja þriðja félagann og einn til vara. Félagi getur borið fleiri en eitt atkvæði ef klúbburinn á rétt á fleiri atkvæðum. Atkvæðisberi klúbbs getur þó aldrei verið stjórnarmaður í umdæmisstjórn 13. umdæmis.

### 5. gr.

Svæðisstjóri (*e. area director*) boðar til landsfundar með a.m.k. átta vikna fyrirvara, með því að senda fundarboð til formanns hvers Zontaklúbbs.

Stjórn hvers Zontaklúbbs skal tilkynna klúbbfélögum um landsfundinn um leið og fundarboð hefur borist.

Lagabreytingatillögur, ef einhverjar eru, ásamt fundargögnum sem svæðisstjóri telur þörf á, skulu berast birtast félögum a.m.k. viku fyrir landsfund.

### 6. gr.

Verkefni landsfundar eru:

1. Skýrslur svæðisstjóra um störf Zontasambands Íslands og svæðisstjóra frá síðasta landsfundi.
2. Samþykkt reikninga Zontasambands Íslands, sbr. 8. gr.
3. Skýrslur Zontaklúbba um störf sín frá síðasta landsfundi.
4. Kosning varasvæðisstjóra (*e. Vice area director*) í stjórn 13. umdæmis. Sá fulltrúi tekur sjálfkrafa við störfum svæðisstjóra að loknu kjörtímabili hans. Svæðisstjóri þarf að hafa

verið a.m.k. tvö ár í stjórn Zontaklúbbs, þar af eitt sem formaður og/eða verið formaður nefndar á vegum umdæmisins.

5. Kosning varaumdæmisstjóra (*e. Lt. Governor*) á landsfundinum vorið áður en Ísland tilnefnir í það embætti á umdæmisfundi. Umdæmisstjóri þarf að hafa verið a.m.k. tvö ár í stjórn Zontaklúbbs, þar af eitt sem formaður og/eða verið formaður nefndar á vegum umdæmisins.
6. Lagabreytingar, ef einhverjar eru. Um afgreiðslu lagabreytingatillagna fer samkvæmt 9. gr.
7. Ákvörðun árgjalds Zontasambands Íslands til næstu tveggja ára. Tveir þriðju atkvæðisbærra félaga á landsfundi þurfa að samþykkja breytingu á árgjaldi.
8. Ákvörðun gjalds klúbbanna til næstu tveggja ára vegna atkvæðisumboðs (*e. proxy*).
9. Tillögur og ályktanir, réttilega fram bornar, þ.e. sem borist hafa svæðisstjóra eigi síðar en viku fyrir landsfundinn.
10. Kosning starfsnefnda á vegum Zontasambands Íslands, skv. ákvörðun stjórnar og/eða landsfundarins.
11. Önnur mál.

Svæðisstjóri er sjálfkrafa formaður Zontasambands Íslands og varasvæðisstjóri varaformaður. Í stjórn Zontasambandsins eiga á hverjum tíma sæti formenn Zontaklúbbanna. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Forfallist svæðisstjóri eða er ómögulegt að sinna starfsskyldum sínum mætir varasvæðisstjóri í hans stað og fer með atkvæði svæðisstjóra á stjórnarfundum í umdæminu eða umdæmisfundi.

Láti svæðisstjóri af störfum áður en kjörtímabili lýkur skal varasvæðisstjóri taka við út tímabilið og heldur síðan áfram það tímabil sem hann var upphaflega kosinn til.

Varaformönnum klúbbanna er heimil seta á stjórnarfundum Zontasambandsins með málfrelsi og tillögurétti.

#### 7. gr.

Heimaklúbbur svæðisstjóra annast að öllu leyti undirbúning landsfundar og alla framkvæmd hans.

#### 8. gr.

Árgjald til Zontasambands Íslands skulu klúbbarnir hafa greitt fyrir 1. júní ár hvert.

Sjóður Zontasambandsins skal vera tímabilið milli landsfunda. Við svæðisstjóraskipti skal gjaldkeri skila endurskoðuðum reikningum. Reikningstímabilið skal vera frá 1. júní árið sem síðasti landsfundur var til 31. maí árið sem skiptin verða.

Sjóður Zontasambandsins stendur straum af kostnaði við rekstur þess og styrkir þátttöku svæðisstjóra, varasvæðisstjóra og klúbba í alþjóðastarfi Zonta, þ.e. umdæmisfundum og heimspingum.

Nánari reglur um sjóðinn skal samþykkja á landsfundi.

#### 9. gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á landsfundi og er áskilið að breytingar þurfi samþykki 2/3 atkvæðisbærra félaga. Tillögur um lagabreytingar skulu berast til svæðisstjóra 30 dögum fyrir landsfund.